

Fundargerð

2. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 12. september 2003 kl. 9.30 – 12.00

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eypórsdóttir, Ríkharð Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jón Viðar Jónmundsson, Ævar Petersen.

Mættir varamenn:

Hólmgæir Björnsson, Sigurður H. Magnússon, Pröstur Eysteinnsson, Ágúst Sigurðsson

Fjarverandi: Þorsteinn Tómasson, Magnús B. Jónsson, Magnús Jóhannsson

1. Samþykkt dagskrár

Formaður kynnti dagskrá sem send hafði verið út og bað Emmu að rita fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með lítils háttar breytingum.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir framvindu mála og lagði fram afrit af bréfaskiptum við landbúnaðarráðuneyti og af bréfi til Bændasamtaka Íslands. Fram kom að landbúnaðarráðuneytið hefur formlega óskað eftir því að nefndin vinni drög að reglugerð um verkefni nefndarinnar. Einnig að ráðuneytið greiðir útlagðan ferðakostnað vegna funda nefndarinnar. Gengið hefur verið frá bréfum til styrkþega samkvæmt ákvörðun síðasta fundar.

4. Vinna við reglugerð um verkefni erfðanefndar landbúnaðarins

Rætt um vinnulag við samningu draga að reglugerð. Fyrir liggja fyrstu drög að reglugerð samin af nefnd landbúnaðarráðherra frá 9. febrúar 2001.

Bókun:

Starfshópur innan nefndarinnar vinnur áfram að málinu og leggur drög að reglugerð fyrir nefndina í heild. Hópin skipa: Áslaug Helgadóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ágúst Sigurðsson og Ævar Petersen.

5. Almenn kynning á málaflokknum „Erfðaauðlindir í landbúnaði“

Formaður kynnti hugmyndir um kynningarmál, sem er eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt lögum. Fram kom að starfandi er sérstakur upplýsingahópur á vegum Norræna genbankans fyrir búfé þar sem Ólafur R. Dýrmondsson er fulltrúi Íslands. Sá hópur hefur m.a. sett fram hugmyndir um útgáfu kynningarefnis um erfðaauðlindir búfjár í hverju landi.

Bókun:

Ákveðið var að nefndin standi fyrir málsstofu um erfðaauðlindir í landbúnaði í mars 2004, þar sem staða mála hér á landi verði kynnt og gerð grein fyrir þátttöku okkar í norrænu og alþjóðlegu starfi. Einnig verði gerð grein fyrir mikilvægi málaflokksins á alþjóðavísu með þátttöku erlendra fyrirlesara. Stefnt verði að því að erindi frá málsstofunni verði gefin út.

Undirbúningshóp fyrir málsstofuna skipa: Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Enn fremur verði stefnt að útgáfu bæklinga um erfðaaauðlindir í landbúnaði hérlendis og leitað eftir samstarfi við upplýsingahóp NGH um útgáfuna.

6. Framkvæmda og fjárhagsáætlun 2003

Formaður kynnti tillögu að framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Gert er ráð fyrir að ríflega 6.500 þús. kr. verði fluttar til ársins 2004 þar sem starfsemi nefndarinnar er ekki komin í fullan gang.

Bókun:

Nefndin samþykkir tillögur að framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir 2003. Formanni er falið að vinna fyrstu drög að framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir 2004 í samræmi við væntanleg drög að reglugerð.

7. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn kynntu ýmis samstarfsverkefni með erlendum aðilum þar sem þeir þekkja til, bæði á norrænum vettvangi og í Evrópu. Þar á meðal eru Norræni genbankinn (NGB), Norræni genbankinn fyrir búfé (NGH), Norrænt ráð um erfðaaauðlindir (Nordisk genressursráð) og samstarf um erfðaaauðlindir í skógi á Norðurlöndum og í Evrópu. Komin er út skýrsla um aðgang og réttindi til nýtingar erfðaaauðlinda, sem unnin er af Norrænu ráði um erfðaaauðlindir. Skýrslunni verður dreift verður til nefndarmanna.

8. Önnur mál

- a) Formaður kynnti fyrirhugaða skipun nefndar á vegum landbúnaðarráðherra, sem ætlað er að endurskoða lög um innflutning dýra í samræmi við þingsályktun þess efnis. Áslaug Helgadóttir hefur verið beðin að taka sæti í nefndinni fyrir hönd erfðanefndar.
- b) Formennska Íslands í Norðurlandaráði 2004.
Áslaug skýrði frá því að Þorsteinn Tómasson hefur komið að undirbúningi stefnumála f.h. Íslands varðandi samstarf í sviði landbúnaðar. Erfðaaauðlindir í landbúnaði hafa verið ofarlega á blaði á stefnuskrá NMR og stefnt er að því að svo verði áfram. Fyrirhugað málþing á vegum erfðanefndar fellur vel að þessu.
- c) Ævar Petersen spurði um afdrif skýrslu sem unnin var á vegum erfðanefndar búfjár en aldrei gefin út, þar sem fjallað var um stöðu mála varðandi búfjárstofna og ferskvatnsfiska. Emma og Jón Viðar skýrðu frá því að efni skýrslunnar hefði í öllum aðalatriðum verið fellt inn í skýrslu til FAO sem rædd var á síðasta fundi.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá 7. nóv. n.k. kl. 9.30. (Síðar breytt í **28. nóv. kl. 11.00**)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.